

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjaness 15. nóvember 2010 í máli nr. A-79/2010:

Lýsing hf.

(Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl.)

gegn

NÁBÍTUM, BÖÐLAR & ILLIR ANDAR ehf.

Mál þetta barst dóminum 28. maí 2010 og var tekið til úrskurðar 20. október 2010. Gerðarbeiðandi er Lýsing hf., Ármúla 3, Reykjavík. Gerðarþoli er NÁBÍTAR, BÖÐLAR & ILLIR ANDAR ehf., Melabraut 22, Hafnarfirði.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um að vél af gerðinni Stema/Pedax Twinmaster 12X + tölvustýrð járnabeygjuvél – módel 031A, týpunúmer 031-181, verði tekin með beinni aðfarargerð úr vörslum fyrirsvarsmanns gerðarþola og fengin gerðarbeiðanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola samkvæmt mati dómsins.

Gerðarþoli krefst þess að kröfu gerðarbeiðanda verði hafnað. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

I.

Hinn 8. september 2008 gerðu gerðarbeiðandi og Bindir og vír ehf., nú NÁBÍTAR, BÖÐLAR & ILLIR ANDAR ehf., með sér kaupleigusamning um vélina „Twinmaster 12x tölvustýrð járnabeygjuvél módel 031A, sn:031-181, skv. reikn. seljanda nr. Ro81136. dags. 4.9.2008“. Samkvæmt samningnum var leigutíminn frá 20. október 2008 til 19. október 2013. Í samningnum segir að leigugrunnur sé samtals 23.083.723 kr. og hún sé tengd japönskum jenum (JPY), 11.541.862 kr. og svissneskum frönkum (CHF), 11.541.862 kr., samtals 23.083.723 kr. Greiðslur áttu að skiptast á 60 mánuði.

Gerðarbeiðandi lýsti yfir riftun umrædds samnings með skeyti 22. desember 2009 vegna vanskila. Í riftunaryfirlýsingunni segir að ógreiddar séu 1.893.047 kr. og uppgreiðslugjald með vanskilum og kostnaði sé 14.545.846 kr. miðað við gengi/vísitölu riftunardags. Þar af væri lögmannspóknun 642.066 kr. Eftirstöðvar samningsins skv. myntkörfu væru: „JPY 4.709.007 CHF 48.881,58.“ Þess var krafist að ofangreindum leigumun yrði skilað þegar í stað til gerðarbeiðanda ella mætti gerðarþoli búast við vörslusviptingu.

Gerðarbeiðandi kveður gerðarþola í kjölfarið hafa skilað vél til gerðarbeiðanda, en að um allt aðra og eldri vél hafi verið að ræða. Til að villa um fyrir gerðarbeiðanda hafi gerðarþoli málað eldri vélina og sett á hana límniða. Hafi þetta verið gert í því skyni að láta líta út fyrir að eldri vélin væri sú vél sem gerðarbeiðandi krefjist nú innsetningar í. Gerðarbeiðanda hafi aftur á móti strax verið ljóst að ekki hafi verið um sömu vél að ræða og það verið staðfest af þjónustustjóra framleiðanda hinnar leigðu vélar. Gerðarþoli hafi ekki orðið við tilmælum gerðarbeiðanda um að skila réttri vél og hafi gerðarbeiðandi því kært háttsemi gerðarþola til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Gerðarþoli mótmælir þessari atvikalýsingu.

Eins og áður segir barst dóminum aðfararbeiðni gerðarbeiðanda 28. maí 2010 og var málið tekið til úrskurðar 20. október 2010.

II.

Gerðarbeiðandi byggir aðfararbeiðni sína á því að gerðarþoli hafi átt að greiða honum tiltekið leigugjald frá 20. október 2008 til 19. október 2013, en gerðarþoli hafi ekkert greitt inn á samninginn síðan í ágúst 2009. Gerðarbeiðandi hafi því rift samningnum 22. desember 2009 samkvæmt heimild í 28. gr. samningsins. Kveður gerðarbeiðandi skuld gerðarþola hinn 6. maí 2010 hafa verið 13.783.068 kr. Gerðarbeiðandi segir að þar sem gerðarþoli hafi ekki staðið í skilum samkvæmt kaupleigusamningi aðila og hann hafi neitað að afhenda gerðarbeiðanda eign sína sé krafist umráða yfir umræddri vél með vísan til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

III.

Í greinargerð sinni segir gerðarþoli að umræddur samningur sé að formi til svokallaður kaupleigusamningur, en efnislega sé hins vegar um að ræða lánasamning til fjármögnunar á tölvustýrðri járnabeygjuvél.

Gerðarþoli byggir á því að við gerð samningsins hafi fyrirvarsmanni gerðarþola ekki verið ljóst að gengisbinding í samningum sem þessum hafi ekki verið heimil samkvæmt lögum nr. 38/2001. Fyrirvarsmáður gerðarþola sé ekki sérfræðingur á sviði fjármála ólíkt gerðarbeiðanda, en hafi gefið sér við gerð samningsins að gerðarbeiðandi hafi hagað starfsemi sinni í samræmi við landslög og að staðlaðir lánasamningar gerðarbeiðanda innihéldu ekki ákvæði sem gengu gegn gildandi lögum. Um leið og fyrirvarsmanni gerðarþola hafi verið ljóst að ákvæði umrædds samnings hafi gengið gegn lögum nr. 38/2001, hvað varði bindingu fjárhæða í íslenskum krónum við dagsgengi erlendra gjaldmiðla, hafi hann gert gerðarbeiðanda það ljóst. Þá hafi gerðarþoli boðið gerðarbeiðanda ítrekað að gera upp fyrrnefndan samning innan þeirra marka sem kveðið sé á um í 13. gr., sbr. og 14. gr., laga nr. 38/2001. Gerðarþoli vísar í þessu sambandi til ábyrgðarbréfs fyrirvarsmanns gerðarþola til gerðarbeiðanda, dags 6. ágúst 2009 og 30. október 2009. Hvorugu þessara bréfa hafi nokkurn tímann verið svarað af gerðarbeiðanda.

Þá vísar gerðarþoli til tölvupósts fyrirvarsmanns gerðarþola til gerðarbeiðanda 14. desember 2009, ásamt viðhengi, þar sem tillaga að uppgreiðslu samningsins sé lögð fram af fyrirvarsmanni gerðarþola. Þeirri tillögu hafi verið

hafnað af gerðarbeiðanda eins og tölvupóstsamskipti sýni. Nú hafi Hæstiréttur Íslands staðfest með niðurstöðu sinni 16. júní 2010 að óheimilt hafi verið að binda fjárhæðir í samningum af þessu tagi við gengi erlendra gjaldmiðla. Fyrirsvarsmaður gerðarþola, sem sé jafnframt sjálfskuldarábyrgðaraðili umrædds samnings, lýsi enn og aftur vilja sínum til að ganga frá fullnaðaruppgjöri við gerðarbeiðanda á umræddum samningi þannig að samrýmist lögum nr. 38/2001. Uppreiknaðar eftirstöðvar höfuðstóls umrædds samnings 20. ágúst 2009, þegar síðasta greiðsla hafi verið innt af hendi, hafi verið, með tilliti til nýfenginnar niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í sambærilegum málum, 6.849.459 kr. Fyrirsvarsmaður gerðarþola gerir í greinargerð tillögu um að greiða strax 6.849.459 kr., að viðbættum þeim vöxtum sem kveðið sé á um í samningnum frá og með 21. ágúst 2009 til greiðsludags, en að frádregnum málskostnaði gegn fullnaðarkvittun og afsali fyrir umræddri vél. Þá skuli gerðarbeiðandi einnig skila þeirri vél sem gerðarþoli hafi ranglega verið sviptur með gerræði vörslusviptingaraðila. Gerðarþoli segir að svo illa hafi tekist til hjá vörslusviptingaraðila að hann hafi hirt ranga vél og verði ekki litið á slíkt öðruvísi en sem þjófnað.

Þá sýni tölvupóstsamskipti milli gerðarbeiðanda og fyrirsvarsmanns gerðarþola frá 13. desember 2009 til 27. desember 2009 undanfara vörslusviptingar sem gerðarbeiðandi hafi falið Lárusi Viggóssyni frá Vörslusviptingum ehf. að framkvæma. Einnig séu skeyti sama efnis svo og umboð gerðarbeiðanda til Vörslusviptinga ehf., ásamt staðfestingu á viðtöku sem undirrituð sé af Lárusi Viggóssyni.

Gerðarþoli kveðst ekki hafa veitt nokkurt viðnám gegn umræddri vörslusviptingu þrátt fyrir að hún hafi verið framkvæmd án dómsúrskurðar. Það þýði þó ekki að gerðarþoli hafi samþykkt réttmæti vörslusviptingarinnar. Eins og fram komi í bréfum fyrirsvarsmanns gerðarþola til gerðarbeiðanda á þessum tíma þá hafi fyrirsvarsmaður gerðarþola verið þess fullviss að þá þegar hafi verið inntar af hendi greiðslur umfram greiðsluskyldu samningsins að teknu tilliti til laga nr. 38/2001. Hinn 22. desember 2009, þegar gerðarbeiðandi hafi rift samningnum vegna meintra vanefnda, hafi gerðarþoli átt að hafa staðið skil á samtals 2.747.298 kr., að meðtöldum vöxtum upp á 92.534 kr., frá útborgunardegi lánsins til 19. október 2008, að teknu tilliti til ákvæða 14. gr. laga nr. 38/2001. Gerðarþoli hafi þá þegar innt af hendi greiðslur að fjárhæð 3.124.837 kr. í 11 greiðslum og því hafi samningurinn alls ekki verið í vanskilum þegar gerðarbeiðandi rifti honum 22. desember 2009. Riftunin hafi því með öllu verið ólögmet og því geti gerðarbeiðandi ekki byggt rétt á henni gagnvart gerðarþola í máli þessu.

Þá hafnar gerðarþoli fullyrðingu gerðarbeiðanda í aðfararbeiðni um að fyrirsvarsmaður gerðarþola hafi við aðgerðir Vörslusviptingar ehf. haft uppi einhverjar fullyrðingar. Gerðarþoli hafnar einnig sem ósannaðri fullyrðingu gerðarbeiðanda um að hafa reynt að villa um fyrir gerðarbeiðanda með annarri vél en lánað hafi verið til kaupa á. Þau mistök vörslusviptingaraðila að hafa hirt ranga vél verði ekki skrifuð á fyrirsvarsmann gerðarþola. Lárus Viggósson hafi staðfest með undirskrift sinni móttöku á umræddri vél og vörubifreið með krana hafi komið nokkru síðar á hans vegum og híft þá vél á bílinn sem gerðarbeiðandi hafi nú í vörslu sinni. Það sé því beinlínis rangt að gerðarþoli hafi skilað gerðarbeiðanda umræddri vél. Hið rétta sé að vörslusvipting þessi hafi farið fram án dómsúrskurðar og umboðsaðili gerðarbeiðanda komið og hirt þá vél sem hann hafi talið sig hafa staðfest móttöku á. Mikill bægslagangur hafi verið hjá vörslusviptingaraðila og

hann ekki gefið sér tíma til að sannreyna að hirða rétta hluti af gerðarþolum. Þessi vörslusvipting sé skýr sönnun þess. Fyrirsvarsmaður gerðarþola hafi ekki séð ástæðu til að koma í veg fyrir þessi mistök vörslusviptingaraðila, enda beri honum sannanlega ekki leiðbeiningaskylda við gripdeildir fyrirtækja sem undanfarin ár hafi stundað ólöglega fjármálastarfsemi, eins og nú hafi verið staðfest af Hæstarétti Íslands. Það verði að teljast sérstakt að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við þetta þá þegar en athugasemdir hafi fyrst komið fram um miðjan mars 2010 þegar Lárus Viggósson hafi hringt í fyrirsvarsmann gerðarþola til að tjá honum að hann hefði hirt ranga vél. Engin bein krafa hafi verið gerð um að gerðarþoli skilaði þeirri vél sem vísað sé til í aðfararbeiðni gerðarbeiðanda.

Þá segir gerðarþoli að hið góða ástand þeirrar vélar sem vörslusviptingaraðili hafi hirt úr umsjá gerðarþola megi rekja til þess að í framhaldi af kaupum á umræddri vél, sem fjármögnuð hafi verið að hluta til af gerðarbeiðanda, hafi fyrirtækið Einingar ehf. sýnt áhuga á að kaupa gömlu vélina. Í þessu augnamiði hafi hún verið yfirfarin og máluð. Hins vegar hafi hrunið í október 2008 sett strik í reikninginn og það dregist að gengið yrði frá kaupunum. Starfsmenn verktaka, sem hafi haft aðstöðu í húsinu sem gerðarþoli hafi verið með rekstur sinn, hafi síðan verið að gantast með skreytingu á vélinni og límt umrædda stafi á hana í byrjun árs 2009. Fyrirsvarsmaður gerðarþola hafi hvergi komið þar nærri, en ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við þennan gjörning, enda hafi öllum mátt vera ljóst að um leikaraskap hafi verið að ræða sem enginn hafi tekið alvarlega. Umrædd vél sé meira en 30 ára gömul og engan sérfræðing þurfi til að sjá á augabragði að hún hafi verið talsvert meira en tveggja ára gömul þótt ástand hennar væri gott. Vélin hafi síðan staðið með þessum límstöfum á, fyrir allra augum í marga mánuði á athafnasvæði gerðarþola. Það sé hreinlega fjarstæðukennt að ætla að slíkar merkingar hafi verið til þess fallnar að blekkja nokkurn. Auk þess sé engin tölva í gömlu vélinni og a.m.k. það átt að vekja vörslusviptingaraðila til vitundar um mistök sín.

Í niðurlagi greinargerðar gerðarþola áréttar hann að hafna beri kröfu gerðarbeiðanda þar sem samningur aðila hafi sannanlega ekki verið í vanskilum 22. desember 2009 þegar gerðarbeiðandi rifti honum, sbr. ákvæði laga nr. 38/2001 og dóm Hæstaréttar Íslands nýlega. Gerðarbeiðandi hafi ekki sýnt fram á að riftun samningsins sé gerð á réttmætum forsendum heldur aðeins vísað til vanskila sem grundvölluð séu á ólögætum uppreikningi vegna breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla. Riftunaryfirlýsingin geti því ekki skapað gerðarbeiðanda rétt til innsetningar í tækið, þar sem forsendur hennar standist ekki lög.

Vörslusvipting sem gerðarbeiðandi hafi framkvæmt í framhaldi af riftun samningsins 22. desember 2009 hafi verið gerð án dómsúrskurðar og því sé um að ræða gertæki samkvæmt 260. gr. almennra hegningarlaga og varði sektum.

Gerðarbeiðandi hafi hafnað öllum málaleitunum gerðarþola og í raun gert honum ókleift að greiða upp samninginn með tilliti til ákvæða 13. gr., sbr. og 14. gr., laga nr. 38/2001, þrátt fyrir ítrekaðar umleitanir fyrirsvarsmanns gerðarþola.

Gerðarþoli vísar til 3. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989, en varhugavert verði að telja að gerðin geti náð fram að ganga á grundvelli þeirra sönnunargagna sem heimilt sé að afla.

Gerðarþoli telur verulegar líkur á að gerðarbeiðandi verði ófær um að bæta gerðarþola það tjón sem hann kunni að verða fyrir verði aðfararbeiðnin samþykkt. Verði síðar staðfest með dómi að ekki hafi verið efni til gerðarinnar megi leiða að því líkur að gerðarbeiðandi hafi ráðstafað umræddri vél og verði þá jafnvel kominn í gjaldþrot. Slíkur skaði kunni því að öllum líkindum að verða óafturkræfur.

Fyrirsvarsmáður gerðarþola ítrekar að lokum í greinargerð sinni enn og aftur boð sitt um að ganga frá fullnaðaruppgjöri til gerðarbeiðanda með greiðslu á 6.849.459 kr., að viðbættum þeim vöxtum sem kveðið sé á um í umræddum samningi frá og með 21. ágúst 2009 til greiðsludags að frádregnum málskostnaði gegn fullnaðarkvittun og afsali fyrir umræddri vél. Því til viðbótar skili gerðarbeiðandi gerðarþola hinni ranglega vörslusviptu vél. Í framhaldi af slíkum lokum málsins skuldbindi fyrirsvarsmáður gerðarþola sig til að kæra ekki til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra hina ólögsmætu fjármálastarfsemi gerðarbeiðanda né stjórnendur hans eða starfsmenn vegna framgöngu þeirra í málinu. Þá muni fyrirsvarsmáður gerðarþola einnig samþykkja að sækja ekki skaðabætur til gerðarbeiðanda, stjórnenda hans eða starfsmanna að loknu málinu með þeim hætti sem hér er lagt til.

Gerðarþoli kveðst hafa leitað aðstoðar lögmanns við hagsmunagæslu gagnvart gerðarbeiðanda í máli þessu og haft af því kostnað. Hann gerir kröfu um málskostnað að fjárhæð 500.000 kr.

IV.

Í máli þessu krefst gerðarbeiðandi þess að járnabeygjuvél verði tekin með beinni aðfarargerð úr vörslum gerðarþola og fengin gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á riftun hinn 22. desember 2009 á kaupleigusamningi sem gerður var 8. september 2008. Í samningnum var kveðið á um greiðslur með gengistryggingu við erlenda gjaldmiðla og innheimti gerðarbeiðandi greiðslur í samræmi við það. Gerðarþoli hefur lagt fram bréf sitt til gerðarbeiðanda, dags. 6. ágúst 2009, þar sem hann vefengir lögmæti þess að gengistryggja leigugreiðslur í samningnum og setti hann fram tillögu um uppgjör. Gerðarþoli áréttaði í bréfi 30. október 2009 að hann teldi gengistrygginguna ólögsmæta og kvaðst reiðubúinn til að greiða upp samninginn, þ.e. höfuðstól í íslenskum krónum að viðbættum vöxtum og frádregnum þeim greiðslum sem hafi verið inntar af hendi. Gerðarbeiðandi svaraði ekki þessum bréfum heldur hélt áfram innheimtu með óbreyttum hætti og lagði fram aðfararbeiðni sína í maí 2010. Með dómi 16. júní 2010, í máli nr. 153/2010, komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að binda greiðslur af samningi, eins og þeim sem hér er fjallað um, við gengi erlendra gjaldmiðla.

Í þinghaldi 27. ágúst 2010 lagði gerðarbeiðandi fram endurútreikning á samningi aðila. Útreikningurinn tekur til tímabilsins 20. október 2008 til 20. ágúst 2010. Þar kemur fram að gerðarþoli hafi í ágúst 2009, þegar hann lagði fram greiðslutillögu, verið búinn að ofgreiða 477.769 kr. Í desember 2009, þegar samningnum var rift, hafi hann verið 245.567 kr. í skuld. Höfuðstóll hinn 20. ágúst 2010 er sagður vera 6.671.249 kr. Eins og fram hefur komið lýsti gerðarþoli því yfir í greinargerð sinni, áður en endurútreikningur var lagður fram, að hann væri reiðubúinn til að greiða meira en það, að viðbættum vöxtum tiltekið tímabil. Þá

hefur gerðarþoli ítrekað lýst sáttavilja í fyrirtökum máls þessa en það sama verður ekki sagt um gerðarbeiðanda.

Þegar allt framangreint er virt verður að telja að slík óvissa hafi verið um ætluð vanskil gerðarþola við riftun samnings málsaðila að ekki séu uppfyllt skilyrði 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför til að fallast á kröfu gerðarbeiðanda. Samkvæmt framansögðu og með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 347/2010 verður kröfu gerðarbeiðanda hafnað.

Eftir þessum úrslitum verður gerðarbeiðanda gert að greiða gerðarþola málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 kr.

Úrskurð þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Hafnað er kröfu gerðarbeiðanda, Lýsingar hf., um að vél af gerðinni Stema/Pedax Twinmaster 12X + tölvustýrð járnabeygjuvél – módel 031A, týpunúmer 031-181, verði tekin með beinni aðfarargerð úr vörslum gerðarþola, NÁBÍTUM, BÖÐLUM & ILLUM ÖNDUM ehf., og fengin honum.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 200.000 krónur í málskostnað.

Sandra Baldvinsdóttir.